



Borgarráð

Samkomulag um brottám hjáleidar Geirsgötu um byggingarreit 5b á Austurbakka 2

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samningi milli Austurbakka ehf. kt. 530513-1060 og Reykjavíkurborgar um uppgjör vegna tafa sem Austurbakki ehf. hefur orðið fyrir vegna hjáleidar Geirsgötu.

Samkomulag hefur náðst um að gegn bótagreiðslu að fjárhæð 29,5 m.kr. af hendi Reykjavíkurborgar þá fái lóðarhafi lóðina afhenta til að hefja uppbyggingu þann 7. júlí nk. í stað 15. apríl eins og upphaflegt samkomulag gerði ráð fyrir.

Jafnframt er óskað samþykkis borgarráðs fyrir því að greiðslan verði kostnaðarfærð sem hluti af kostnaði við gatnagerðina og kjallarann.

Greinargerð:

Með samkomulagi þessu er komið í veg fyrir að loka þurfi Geirsgötu vegna framkvæmda lóðarhafa á reit 5 á Austurbakka. Hugsanlega þarf þó að loka Geirsgötu í tvo daga af tæknilegum orsökum vegna endurgerðar hjáleidar. Allt verður þó gert sem hægt er til að komast hjá því ásamt því að draga úr umferðartruflunum ef þarf að loka.

Þann 2. nóvember 2016 var skrifað undir samkomulag við Austurbakka ehf. um afnot af lóð félagsins fyrir hjáleid vegna Geirsgötu á meðan á byggingu bílakjallara undir Geirsgötu stæði. Var sá fyrirvari gerður af hálfu Austurbakka ehf. að þetta mundi ekki tefja framkvæmdir félagsins og jafnframt sá fyrirvari gerður af hálfu Reykjavíkurborgar að félagið gæti sýnt fram á að það væri tilbúið til að hefja framkvæmdir á þessum tíma.

Fyrir liggja upplýsingar um að Austurhöfn ehf. gat hafið framkvæmdir um 20. maí sl. Bótagreiðslur sem hér er samið um taka til tafabóta til verktaka og aukavinnu sem skapast hefur vegna þessa. Með samkomulaginu afsalar félagið sér því að geta gert frekari kröfur um bætur vegna tafa sem orðið hafa á framkvæmdum.

Auk greiðslna sem samkomulagið gerir ráð fyrir fær Austurhöfn aðstöðu utan lóðar vegna framkvæmdanna og hefur Reykjavíkurborg unnið það í samstarfi við Faxaflóahafnir. En þessi aðstöðusköpun er að hluta til á hafnarbakkanum.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Samkomulag um brottám hjáleidar Geirsgötu um byggingarreit 5b á Austurbakka 2 í Reykjavík.

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg (RVK) kt. 530269-7609 og Austurhöfn ehf. (AH), kt. 530513-1060, gera með sér eftirfarandi:

-SAMKOMULAG-

UM BROTTNÁM HJÁLEIÐAR GEIRSGÖTU UM BYGGINGAREIT 5b Á AUSTURBAKKA 2 Í REYKJAVÍK.

1.0 Bakgrunnur

- 1.1. Fyrir liggur að RVK hefur ekki efnt skuldbindingu sína samkvæmt yfirlýsingu, dags. 2. nóvember 2016, um að fjarlægja hjáleid Geirsgötu sem liggur um byggingareit 5b með fastanúmer 235-5448 á Austurbakka 2 í Reykjavík (byggingareitur 5b) eigi síðar en þann 15. apríl 2017.
- 1.2. Af þessu leiðir að AH, sem er byggingaréttshafi á byggingareit 5b, gat ekki hafið framkvæmdir á tilsettum degi þann 15. apríl 2017, svo sem fyrirhugað var.

2.0 Brott nám hjáleiðar

- 2.1. RVK skuldbindur sig nú til þess að hefja vinnu við að fjarlægja umrædda hjáleid af byggingareit 5b þann 29. júní 2017 og ábyrgist að þeim framkvæmdum verði lokið þann 7. júlí 2017.
- 2.2. RVK ábyrgist jafnframt að AH sé óhætt að miða upphaf byggingaframkvæmda sinna við þann dag og semja við verktaka sína á þeim grunni.
- 2.3. Ef RVK stendur ekki við skuldbindingu skv. 2.1 skal RVK greiða AH dagsektir að fjárhæð kr. 1.600.000,- fyrir hvern dag frá og með 7. júlí 2017 og þar til að umrædd hjáleid hefur að fullu verið fjarlægð af byggingareit 5b.

3.0 Uppgjör kostnaðar vegna tafa

- 3.1. RVK bætir AH kostnaðarauka sem orðið hefur vegna tafa á framkvæmdum frá 20. maí 2017 til 7. júlí 2017 með eftirfarandi hætti:
 - a) Vegna umræddra tafa greiðir RVK bætur að álitum að fjárhæð kr. 29.500.000,- vegna kostnaðar sem AH hefur verið krafín um vegna umræddra tafa á framkvæmdum á reit 5b.
 - b) Ekki verður gerð krafa um frekari bætur af hálfu AH enda tryggi RVK, í samvinnu við Faxaflóahafnir, AH tímabundna aðstöðu við og aðgengi að byggingareit 5b í samræmi við tímaáætlun og teikningu í fskj. 1, þar sem m.a. er kveðið á um:
 - i. að RVK tryggi að Faxaflóahafnir leggi AH til aðstöðu fyrir verktaka á Austurbakka.

- ii. að RVK tryggi að Faxaflóahafnir leggi AH til geymslupramma sem ýmist verður staðsettur í horni Austurbakka og Miðbakka eða við Austurbakka þar sem skip Landsbjargar Sæbjörg liggur nú við festar. Reykjavíkurborg mun beita sér fyrir því að fá skipið flutt.
- iii. að Reykjavíkurborg tryggi að AH geti reist byggingarkrana við Austurbakka sbr. afmörkun á teikningu.

4.0 Önnur ákvæði

- 4.1. Rísi ágreiningur um samkomulag þetta skal mál til úrlausnar slíks ágreinings rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur að undangenginni tilraun til sáttamiðlunar undir handleiðslu sáttamanns tilnefndum af stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands. Um sáttaumleitunina skal fara eftir samþykktum stjórnar Gerðardóms Viðskiptaráðs um sáttaumleitun.

Þannig gert í Reykjavík þann _____. júní 2017

F.h. Reykjavíkurborgar:

F.h. Austurhafnar ehf.
